

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 27. maí 2021
UST202104-178/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020 - 2032 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar er barst 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og eru þau Hvanndalsbjörg, Ólafsfjararmúli og Fljót- Siglufjörður. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forangstegundir-fugla>)

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsöröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristin Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að Hvanndalsbjörg eru á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og er svæðið tilnefnt vegna mikillar fýlabyggðar (<https://www.ni.is/greinar/nahvannadalabjorg>).

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Úrgangur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt í samráðsgátt stjórnvalda stefnuþróun um meðhöndlun úrgangs sem nefnist í átt að hringrásarhagkerfi sem stefnt er að að klára árið 2021. Frestur til að skila inn athugasemdum í gegnum samráðsgátt var til 23. febrúar sl. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Svæðisáætlun

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið er þátttakandi í forsendukafla aðalskipulagsins og það komi fram hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við

hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillöggunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Vegir í náttúru Íslands

Í greinargerð eru lögð fram vegaskrá, sbr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. gr. reglugerðar um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018 segir að vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.

Umhverfisstofnun þykir óljóst hvort mynd 3. sýni tæmandi skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Umhverfisstofnun bendir á að línuvegir, vegir að efnistökusvæðum og vegir að fjarskiptamannvirkjun geta verið í skránni.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

Hverfisverndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að sveitarfélagið er að stórum hluta á náttúruminjasrá og sérstaða þess er fjalllendið með djúpum dölum og jöklum. Auk þess segir að stefna sveitarfélagsins er að nýta sérstöðuna sem aðdráttarafi bæði til uppbyggingar atvinnulífs og sem hluta lífsgæða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er hverfisverndarsvæði skilgreint sem svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Í áætluninni er gert ráð fyrir tveimur hverfisverndarsvæðum. Að mati Umhverfisstofnunar eru forsendur fyrir mögulegum öðrum hverfisverndarsvæðum í sveitarfélaginu eins og Hvanndölum og Hvanndalsbjargi sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Auk þess er fjallað nokkuð ítarlega um svæði ÓB 127, en þar segir að „*fjölbreyttur snjóðældagróður einkennir svæðið en hvergi má finna betra sýnishorn af hinum sérstaða gróðri útsveita við Eyjafjörð. Með skilgreiningu á svæðinu er verið að undirstrika mikilvægi heildstæðrar verndunar vistkerfa á lítt snortnu svæði ásamt því að gefa göngufólki áfram kost á að komast í tæri við náttúru svæðisins*“.

Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að stærð efnistökusvæða séu skilgreind í töflu í kafla 3.9.4 og hversu mikið efni má vinna á hverju svæði í skipulagsákvæðum.

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „*Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.*“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Kláfur

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir uppsetning kláfs norðan við Gvendarskál í Ólafsfjarðarmúla. Ætlunin er að hann auki útivistarmöguleika almennings og laði að svæðinu ferðafólk jafnt sumar sem vetur.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og rýrt verndargildi svæðisins, en svæðið er á náttúruminjasrá eins og kemur fram í greinargerð þar sem svæðinu er lýst sem hálendum og hrikalegum skaga með djúpum dölum, stórbrotið land.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á að skógrækt getur haft áhrif vistgerðir og búsvæði fugla. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að með skógrækt geti búsvæði og vistkerfi breyst staðbundið og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að jaðaráhrif geta verið hlutfallslega meiri fyrir minni skóga en stærri og á það við um jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis sem nýtir flatlendi umhverfis skóginn.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að kröfur um hreinsun á skólpi frá þéttbýli sem losar undir 10.000 pe. í sjó er viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst skv. 14. mgr. 3. gr. að hreinsa skal skólpi með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Varðandi markmið veitukerfa í greinargerð bendir stofnunin á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, t.d. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum (bls. 25). Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur